

Reykjavík, 7. september 2018

Niðurstaða athugunar á tilteknum þáttum í áhættustýringu Íbúðalánasjóðs

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á tilteknum þáttum áhættustýringar hjá Íbúðalánasjóði fyrr á árinu, en Íbúðalánasjóður sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 11. gr. d. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.

Markmið athugunarinnar var að athuga hvort áhættustýring hjá sjóðnum væri í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur kveða á um. Þá var tekið til skoðunar hvort svið áhættustýringar væri nægilega sjálfstætt og öflugt til að sinna þeim verkefnum sem til er ætlast. Í athuguninni var einnig lögð áhersla á að skoða sérstaklega hvernig upplýsingagjöf sviðsins til stjórnar sjóðsins væri háttáð og hvort bæta þyrfti slíka upplýsingagjöf.

Í athuguninni var farið yfir skráða ferla og verklagsreglur sem sjóðurinn styðst við ásamt þágildandi áhættustefnu sjóðsins og áhættuvilja stjórnar. Skoðaðar voru fundargerðir stjórnar auk fundargerða nefnda innan sjóðsins sem svið áhættustýringar á ýmist sæti í eða áheyrnarfulltrúa. Þá var farið yfir þær skýrslur sem svið áhættustýringar vinnur og kynnir fyrir stjórn og öðrum stjórnendum sjóðsins.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júní 2018. Helstu niðurstöður voru þær að áhættustýring sjóðsins hafi á undanförunum árum færst jafnt og þétt til betri vegar þó enn megi sjá þess merki að sviðið hafi verið í uppbyggingu. Innri reglur sjóðsins um áhættustýringu þurfa að mati Fjármálaeftirlitsins að vera vandaðri og skipulegri til að uppfylla 1. mgr. 11. gr. b. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, en þar kemur fram að hjá sjóðnum skuli vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeirri áhættu sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við framangreint. Þá var það mat Fjármálaeftirlitsins að skýrslugjöf áhættustýringar til stjórnar væri um margt ágæt, en benti sjóðnum á tiltekin atriði sem væru til þess fallin að bæta hana frekar.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Íbúðalánasjóður geri viðeigandi úrbætur vegna framangreindrar athugasemdar. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sjóðsins framkvæmði úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í kjölfarið.